



KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

stofnað 27. janúar 1907.
Hallveigarstöðum.
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi
Erindi nr. P 135/1303
komudagur 1.2.2008

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hallveigarstöðum 25. janúar 2008

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands, hér eftir skammstafað KRFÍ, þakkar hér með fyrir að hafa verið gefið tækifæri til þess að gefa umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum.

Stjórn KRFÍ lýsir ánægju sinni með að fram sé komin tillaga um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnámálum, enda er ljóst miðað við núverandi hlutfallt kynjanna á þingi og í sveitarstjórnnum, svo og í ríkisstjórn, að enn þarf að vinna ötullega á þessu sviði svo jafnrétti kynjanna verði náð. Stjórn KRFÍ vísar til þess að reynsla af skipun nefndar um aukin hlut kvenna í stjórnámálum, til fimm ára, árið 1998 sýni að viðlíka aðgerðir skili góðum árangri við að auka hlut kvenna í stjórnámálum.

KRFÍ lýsir fullum stuðningi við framkomna tillögu og leggur áherslu á að hún verði samþykkt.

F.h. Kvenréttindafélags Íslands

Þorbjörg Inga Jónsdóttir, formaður